

Námsvísir
2.- 3. bekk 2008-2009

Handmennt/textímennt

Kennari: Gerður Þórisdóttir

Markmið skóla og nemenda:

Markmið handmenntakennslunnar byggist á markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla í listgreinum frá 1999. Lögð verður áhersla á að örva sköpunargleði, vinnugleði og frumkvæði nemenda. Nemendur eru þjálfaðir í að fylgja munnlegum (skriflegum) fyrirmælum, sem geta þá aukið á sjálfstæði nemanda. Helstu þættir textímenntar eru kynntir, vinnubrögð og áhöld. Lögð verður áhersla á þjálfun fínhreyfinga .

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Nemendum í 2 -3. bekk verður skipt í 5 hópa, 8 - 10 í hóp og koma þeir í smiðju 2 x í viku 60 mín í senn í 7 vikur.

Handmenntakennsla er í eðli sínu einstaklingsmiðuð. Nemendur fá ákveðin verkefni sem þau útfæra síðan að eigin óskum og eftir getu hvers og eins. Verkefni geta verið mismunandi milli hópa eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar námgreinar, þemavinnu osfv.

Kennsluaðferðir:

Einstaklingskennsla, hópkenntu, sýnikennsla, samvinnunám (nemendur kenna/hjálpa hver öðrum).

Námsmat.:

Kennaraeinkunn sem felur í sér eftirfarandi þætti: frumkvæði/sjálfstæði 25%, vinnusemi/vandvirkni 25%, fylgir fyrirmælum 25%, umgengni/hegðun 25%.

Nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma (sjálfsmat) á ákveðið eyðublað og kennari metur vinnu nemandans á sama blað. Kennari skráir inn í Mentor.